

ENSK2ÁÁ05S

Námsáætlun haustönn 2021



Verkefnaskólinn á Akureyri

| | | | |
|----------------|---------------------------------------|---------------|------------|
| Kennari | Herdís Ivarsdóttir og Karen Malmquist | Sk.st. | HER og KMQ |
|----------------|---------------------------------------|---------------|------------|

Áfangalýsing:

Meginmarkmið áfangans er að auka grundvallarfærni nemenda í tungumálinu og lögð sérstök áhersla á lestur og skilning. Einnig verður mikil áhersla lögð á námstækni og að nemendur tileinki sér að notast við orðabækur, sér í lagi stafrænar. Unnið er að því að rifja upp og byggja ofan á þá kunnáttu og færni sem nemendur hafa þegar og unnið að því að byggja upp orðaforða tengdan áhugamálum og hugsanlegum framtíðar-starfsvettvangi. Notast verður við námsefni úr almennum áföngum í VMA (ENSK1OM03, ENSK1LR04, ENSK1LO05, ENSK2LS05 og ENSK2RM05) eftir getu og áhuga hvers og eins og á þeim hraða er hentar hverjum og einum. Einnig verða notaðar valdar skáldsögur af bókasafni skólans.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu undirstöðuatriðum í enskri málfræði
- þverfaglegum orðaforða til hagnýtra nota
- almennum rauntextum og einföldum bókmenntaverkum
- helstu menningarsvæðum þar sem enska er fyrsta mál

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- byggja upp og bæta orðaforða sinn með ýmsum aðferðum sem hentar hverjum og einum
- beita grunnreglum enskrar málfræði í tali og ritun
- lesa fjölbreyttar gerðir texta
- að tjá sig um almenn málefni með vieigandi orðalagi, munnlega og skriflega
- hlusta eftir upplýsingum, bæði í samtali sem og útvarps- eða sjónvarpsefni
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta orðaforða sinn á skýran og skilmerkilegan hátt í tal- og ritmáli
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðgreinum
- beita grundvallaratriðum enskrar málfræði í tal- og ritmáli
- taka þátt í umræðum
- sýna frumkvæði, sjálfstæði í upplýsingaöflun, úrvinnslu upplýsinga og uppsetningu verkefna sem tengjast áhugasviði

Námsgögn: Nemendur þurfa að kaupa bækur á skrifstofu skólans og láta kennarar nemendur vita hvaða bók þeir þurfa að kaupa og fer það eftir því í hvaða efni / áfanga nemendur eru að vinna. Þeir þurfa einnig að kaupa viðbótarefni, annaðhvort smásögur á skrifstofu skólans eða skáldsögur sem eru til í bókabúðum. Hver og einn nemandi fær það skriflegt frá kennara hvaða efni hann þarf að kaupa.

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer) | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|--|--|---|
| Lota 1 / Vikur 33 - 39 | Kynning og kaflar 1-4 í heftum. | Eftir því sem kennari leggur fyrir hverju sinni. | Kaflapróf 1 5%, eða skv námsáætlun viðkomandi áfanga. |
| Lota 2 / Vikur 40 – 44 Vika 44 er þemavika | Ýmis verkefni í ritgerð, skáldsögu eða smásögum unnin m.t.t. þess áfanga sem nemandi er í. | Eftir því sem kennari leggur fyrir hverju sinni. | Vísað er hér til vægis hvers námsmatsþátta á námsáætlunum hvers áfanga fyrir sig. Lokaskil verkefna í þessari lotu eru í lok hennar. |
| Lota 3 / Vikur 45 - 47 | Kaflar 5-8 í heftum | Eftir því sem kennari leggur fyrir hverju sinni. | Kaflapróf 2 5%, eða skv námsáætlun viðkomandi áfanga. |
| Lota 4 / Vikur 48 -4 | Unnið að því að klára hefti og annað námsmat. | Eftir því sem kennari leggur fyrir hverju sinni. | Athugað hvað hver og einn nemandi á eftir að skila og unnið að því. |

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Hver nemandi þarf að fara eftir námsáætlun hvers áfanga fyrir sig. Allir þurfa að taka lokapróf. Vísað er í námsáætlanir áfanga í ensku sem geta verið: ENSK1OM03, ENSK1LR04, ENSK1LO05, ENSK2LS05 og ENSK2RM05.

| | | | |
|--|--------------------------------|---|---------------------------------------|
| Matsform: | <input type="checkbox"/> Símat | <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf | <input type="checkbox"/> Lokaverkefni |
| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþátta | | Vægi |
| Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar. | | | |
| Annað: Hver nemandi fær útprentaða námsáætlun þess áfanga sem hann vinnur með. | | | |

Þar sem mikil óvissa er uppi um fyrirkomulag dagskólakennslu við upphaf annar, getur þessi námsáætlun riðlast eitthvað. Áfanginn verður því leikinn nokkuð af fingrumfram eftir því hvernig samkomubanni verður háttáð.

Nemanda ber að mæta í alla tíma og skila öllum verkefnum á tilsettum skiladegi.

Dagsetning: 16.08.2021


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagsj. eða staðgengils

Gæðahandbók 09: Námsáætlanir

Prent. dags.: 16/08/2021